

Nö.

153. Nefndarátt

um frv. til laga um sjúkratryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir tekið frumvarp þetta til rækilegrar athugunar. Þótti nefndinni rjett að leita álits heilbrigðisstjórnarinnar um málið og sneri sjer i því

skyni til landlæknis. Átti landlæknir fund með nefndinni og ljét henni í tje álit sitt um það. Hafði hann snúið sjer til stjórnar Berklavarnafjelags Íslands og fengið frá henni álitsskjal það, sem prentað er hjer á eftir.

Álit landlæknis er í engu frábrugðið álitu stjórnar berklavarnafjelagsins. Getur nefndin og í flestum atriðum fallist á þá skoðun, sem kemur fram í brjefinu. Nefndin telur almennar sjúkratryggingar mjög nauðsynlegar þjóðinni, en hún getur ekki fallist á, að frv. það, sem hjer um ræðir, svari þeim tilgangi nema að litlu leyti. Málið er auk þess almenningi svo lítið kunnugt, að ekki þykir rjett að afgreiða það fyr en betri undirbúningur er fenginn. Þyrfti að leita álitu sýslunefnda og bæjarstjórna um málið.

Þess vegna leggur nefndin til, að málið sje afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að landsstjórnin leiti álitu sýslunefnda og bæjarstjórna um málið og undirbúi það að öðru leyti til næsta þings, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. mars 1925.

Magnús Torfason,
form.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Bernharð Stefánsson,
frsm.

Árni Jónsson.

Jón Kjartansson.

Fylgiskjal.

BERKLAVARNAFJELAG ÍSLANDS.

Reykjavík, 28. febrúar 1925.

Samkvæmt tilmælum yðar, herra lændlæknir, hefir stjórn berklavarnafjelags Íslands átt fund með yður til þess að ræða um frv. það til laga um sjúkratryggingar, sem ríkisstjórnin hefir lagt fyrir yfirstandandi alþingi.

Út af þessu vill ofannefnd stjórn láta eftirfarandi álit sitt í ljósi, enda telur hún sjer það einkum skylt, þar sem frv. þetta mundi að hennar álitu vinna berklavarnalöggjöfni, berklavarnastarfsemi fjelags vors og öllum berklavörnum hið mesta ógagn, ef að lögum yrði.

Ekki mun hún þó fjölyrða um hvert einstakt atriði, heldur að eins í fáum orðum nefna helstu agnúana.

1. Frv. heitir frv. um *sjúkratryggingar*. En það nafn er, vægast talað, mjög villandi. Trygging er það venjulega talin, ef menn greiða ákveðin gjöld í því

skyni að eiga stóðar kröfu til ákveðinna bóta, hvernig svo sem efnahag þeirra annars er komið. Engin slík trygging felst í þessu frv. Nei, frv. þetta er í raun og veru *hreint skattafrv.* og tilgangur þess fyrst og fremst sá, að ná með *nefskatti* þeim kostnaði, sem ríkis-, sýslu-, bæjar- og sveitarsjóðir nú hafa af efnalittum sjúklingum samkv. berklavarnalögunum og fátækralögunum. Í mesta lagi mætti kalla þennan fyrirhugaða sjóð *stgrktarsjóð*, og þá »*stgrktarsjóð* ríkissjóðs og hinna ofanefndu sjóða, til þess að standast sjúkrakostnað o. s. frv.«. Skattgreiðendurnir sjálfir hafa enga lagalega kröfu til styrks eftir frv. Hverjir fá hann og hve mikið hver, er eingöngu komið undir geðþótta þeirra, sem úthluta eiga, er fylgja mundi hver sinum reglum eða regluleysi í hinum ýmsu landshlutum.

Þessi lög eiga að vera til sparnaðar fyrir þjóðina, en slíkt nær ekki nokkurri átt. Það má að vísu færa nokkur rök fyrir því, að þetta verði sparnaður fyrir ríkissjóðinn, en fyrir þjóðfjlagið í heild sinni verður það aldrei sparnaður. Enda er það öllum skiljanlegt, að sjúkrakostnaðurinn muni verða engu minni eftir en áður; að eins gerir þetta frv. nú ráð fyrir því, að sá kostnaður verði tekinn af þjóðinni á hinn *allra ranglátasta hátt*, sem hægt er að hugsa sjer, sem sje þannig, að gjaldþyngslin verði *hlutfallslega mest á hinum efnalittle*, í stað þess að nú greiðir þó þjóðin þennan kostnað nokkuð eftir efnum og ástæðum, á þann hátt, sem önnur opinber gjöld.

2. Lögum þessum er ætlað að nema úr gildi 14. gr. berklavarnalaganna, eitt hið helsta og besta grundvallaratriði þeirra. Þetta telur fjelagsstjórnin mjög illa farið, því það er engum vafa undirorpið, að sú gr. er, eins og sakir standa, eitt af því, sem best stuðlar að berklavörnum. Að fara nú einmitt, þegar festa er að komast á fyrirkomulagið, að kippa þessari máttarstoð undan berklavarnalögunum virðist mjög hættulegt, vanhugsað og til þess að koma öllu aftur á ringulreið.

Siðasta þing taldi rjett, að berklavarnalögin fengju að reyna sig til fulls. Fjelagsstjórnin er þessu alveg sammála. En reynslan getur ekki komið til falls á slík lög fyrr en á talsvert mörgum árum, og þá eftir því, sem skilyrðum fjölgar til þess að þeim verði fullnægt. En einmitt 14. gr. berklavarnalaganna *hefir þegar sýnt*, að hún hefir hin allra bestu áhrif, og ætti því síst að *bgrja* á þeirri breytingu að nema hana úr gildi.

3. Allar breytingar, sem miða að því að losa hið opinbera undan kostnaði við berklavarnir í því skyni að koma honum yfir á einstaklingana, eru *ranglátar* og *hættalegar*. Þær eru *ranglátar* vegna þess, að berklavarnir eru fyrst og fremst »sóttvarnir«, varnir gegn útbreiðslu þessa næma sjúkdóms. En kostnaður sá, sem af slíkum vörnum leiðir, á fyrst og fremst að hvila á ríkissjóði, en síst á sjúklingum eða einstaklingum. — Það er *hættulegt*, að ríkissjóður og aðrir opinberir sjóðir hliðri sjer hjá að bera mikið af hinum beina kostnaði við berklavarnir og láta einstaklingana um að standa straum af þeim. — Almennungur fær miklu betur skilið, hver alvara hjer er á ferðum, þegar Alþingi og stjórn sýna, að þeim þykir svo mikið við liggja, að rikið eigi að verja miklu fjø til varaa. Og þess er síst að vænta, að almenningur sýni áhuga til

varna, er ríkið sjálft (þ. e. stjórn og Alþingi) lætur sig litlu skifta, hvernig veltur.

Hið nýstofnaða berklavarnafjelag hefir ætlað sjer að beitast fyrir því, að hinum lögskipuðu vörnum verði á ýmsan hátt hjálpað af almenningi. En til þess að það geti orðið, þarf að fá sje frá einstaklingum. Væntir fjelagið, að sjer verði talsvert ágengt í því efni, ef þetta frumvarp nær ekki fram að ganga. En hitt er aftur á móti vist, að erfitt verður, eða ef til vill ómögulegt, að fá fólk til að láta nokkuð verulegt af hendi rakna til þessa fjelags, ef ríkið *skattleggur* hvern einstakan mann í landinu einmitt til berklavarna. Mun mörgum þykja, að þeir geri skyldu sína, ef þeir borga lögmaelt árgjald, þó þeir ekki bæti við sig fjelagsgjöldum í sama augnamiði.

Þetta mundi því leiða til þess, að starfsemi berklavarnafjelagsins kæmi að litlu liði og vinna á móti því, að hún geti í framtíðinni sparað ríkinu sje og mannslíf. *Gæti þá ríkinu orðið dýr hinn fyrirhugaði »sparnaður« frv.*

Þetta voru nú höfuðatriðin, herra landlæknir, af því, sem stjórn berklavarnafjelagsins vill framfæra til mótmæla gegn þessu nýja *»skattafrumvarpi«*. Mætti samt benda á fjölda annara atriða, sem eru því til mótmæla, svo sem erfiðleika á innheimtu, óvinsældum o. fl., er draga mundi mjög úr hinni áætluðu upphæð, en út í það hirðir stjórnin ekki að fara að svo vöxnu máli; væri þó ekki úr vegi fyrir þingnefnd að leita sjer vitneskju um þá hluti hjer í Reykjavík hjá þeim mönnum, sem kunnugastir eru, t. d. borgarstjóra.

Fjelagsstjórnin treystir yður hið besta, herra landlæknir, til þess að beita yðar mikilvægu áhrifum, svo ekki verði heilbrigðislöggjöf landsins nje sjúkdómsvörnum þjóðarinnar unnið það tjón, sem þetta frv. bendir til.

F. b. stjórnar Berklavarnafjelags Íslands.

Magnús Pjetursson,
ritari.

Til landlæknisins á Íslandi.